



5. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 13. nóvember 2017 kl. 16.30.

Mætt eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Ingi Björn Guðnason, Karl Kristján Ásgeirsson, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Elísa Stefánsdóttir, Páll Janus Þórðarson, og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar
Bæjarráð tók samninginn fyrir á fundi sínum í morgun. Óskað var eftir fundi með formanni og framkvæmdastjóra áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun.
2. Íþróttaskóli
Formaður, yfirþjálfari og framkvæmdastjóri HSV funduðu í síðustu viku vegna næsta starfsárs íþróttaskóla. Þriðja árið í röð kemur stærri árgangur inn í skólann en fer út og ljóst að stundaskrá skólans rúmar ekki þann fjölda sem verður í skólanum næsta ár. Því verður að breyta einhverju í skipulagi skólans til að mæta þessari fjölgun. Formaður kynnti þær leiðir sem helst koma til greina. Á næsta fimmtudag verður fundur með þjálfurum íþróttaskólans og forsvarsmönnum þeirra félaga sem koma að skólanum.
3. Starfsemin undanfarið og starf framundan
Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir helstu þætti í starfinu undanfarið og hvað framundan er.
4. Sambandsþing UMFÍ 13.-15. október.
Formaður fór yfir Sambandsþing UMFÍ sem haldið var á Hallormsstað í október. Fyrir hönd HSV sátu fundinn Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Elísa Stefánsdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir.
5. Önnur mál
 - a) Páll Janus bendir á samþykkt frá bæjarráði að Ísafjarðarbær hefur náð samningum um að kaupa Studío Dan og stefnir á að reka áframhaldandi líkamsræktaraðstöðu. Fundurinn telur það góð skref því gott aðgengi að líkamsræktaraðstöðu allt árið um kring er afar brýnt fyrir heilsu og lífsgæði íbúa Ísafjarðarbæjar.

Fundi slitið kl. 17.45